



Íþróttamiðstöðin Borg



Vetraropnun: 21. ágúst — 25. maí

Mánudaga - Fimmtudaga	kl. 14 - 22
Föstudaga	Lokað
Laugardaga – Sunnudaga	kl. 10 - 18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



HVATARBLAÐIÐ

Janúar 2018

Þorrablót 2018

Okkar árlega þorrablót verður haldið
í Félagsheimilinu Borg föstudaginn 26. janúar 2018
Húsið opnar kl. 19:30 og borðhaldið hefst stundvíslega kl. 20:00

Aldurstakmark á þorrablótið miðast við þá sem verða
16 ára á árinu 2018.

Gunni, Hanni og Hebbi úr Skímó sjá um að að halda
uppi stuðinu og maturinn verður frá Veisluþjónustu Suðurlands.

Miðapantanir eru hjá


Helgu sími 865-4422 og helga@midengi.is

Miðaverð kr. 7.000 og þarf að vera búð að panta og greiða miða
í síðasta lagi **mánudagskvöldið 22. janúar.**

Vinsamlega leggið greiðslur inn á 0325-26-000874,
kennit. 110568-4289

og sendið staðfestingu um greiðslu á netfangið
helga@midengi.is

ATH: Barinn verður EKKI opinn.





Áramótapistill oddvita

Ágætu lesendur ég óska ykkur gleðilegs árs og þakka fyrir samstarf og samvinnu á árinu 2017. Árið hefur verið viðburðarríkt í okkar sveitarfélagi eins og nánast alls staðar á Íslandi. Kosningar til alþingis orðin árlegur viðburður og barátta sveitarstjórnarmanna um fjármuni og áherslur í kjördæminu hefur tekið drjúgan tíma í störfum okkar sem vinnum að sveitarstjórnarmálum. Treystum við því að núverandi ríkisstjórn verði farsæl í sínum störfum.

Á árinu 2017 fór mikil vinna í undirbúning að lagningu ljósleiðara í sveitarfélaginu, í upphafi árs fengum við í Grímsnes og Grafningshreppi ekkert úr potti Fjarskiptasjóðs vegna framkvæmda á árinu 2017. Í framhaldi af því var boðin út heildarframkvæmd um lagningu ljósleiðara í öllu sveitarfélaginu. Það er skemmst frá því að segja að tilboð Milu í framkvæmdina var framar vonum og svo í framhaldinu fengum við styrk til heildarverkefnisins við úthlutun í nóvember 39,9 milljónir úr Fjarskiptasjóði. Framlagið var skilyrt um samþykkt fjárlaga sem fór í gegnum atkvæðagreiðslu á hinu háa Alþingi 29. desember. Þannig að það er ekkert eftir en að skrifa undir sem væntanlega verður í byrjun janúar og svo munu framkvæmdir hefjast eins fljótt og auðið er, en þar er frost í jörðu að tefja fyrir svo framkvæmdir hæfust.

Talsverð vinna fór fram á vordögum og fram á sumar um kosti þess að sameina Árnæssýslu í eitt sveitarfélag. Margt athyglisvert kom fram í þessari vinnu en niðurstaða varð að ekki yrði meira gert með skýrslu sem unnin var af KPMG. Skýrsluna má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins gogg.is undir stjórnsýsla. Það er nokkuð ljóst að efling sveitarstjórnarstigsins verður örugglega á borði sveitarstjórna á komandi kjörtímabili. Tvær nefndir hafa skilað tillögum um sameiningu sveitarfélaga til ráðherra sveitarstjórnarmála bæði í gegnum reglur Jöfnunarsjóðsins og eins með tillögum um lágmarksfjölda íbúa í hverju sveitarfélagi.

Verzlunin BORG



Opið;

mánudaga - fimmtudaga
10:00 til 18:00
föstudaga - sunnudaga
10:00 til 20:00

VIÐ ERUM MEÐ LOTTÓKASSA



viking
lotto

EURO
JACKPOT

1X2
ENSKI BOLTINN

1X2
EVROÞUBOLTINN

Lençian

Verið velkomin heitt á könnunni
S: 486-4408

Heilsugæslan Laugarási

Tímapantanir í síma 432-2770

Lyfjaendurnýjun í síma 432-2020
alla virka daga milli kl. 8:00 og 9:00



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS



Sími 899-2910 www.pizzavagninn.is
Janúar 2018



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
4. jan	5. jan Flúðir 18-21	6. jan Borg 18:00-20:30
11. jan Laugarvatn 18:00-20:30	12. jan Brautarholt 18:00-20:30	13. jan Reykholt 18-21
18. jan Lokað þessa viku Erum í endurbótum	19. jan Þorablót lokað í dag	20. jan Lokað þessa viku Erum í endurbótum
25. jan Laugarvatn 18:00-20:30	26. jan Árnes 18:00-20:30	27. jan Reykholt 18-21

Sími 899-2910 www.pizzavagninn.is
Febrúar 2018



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
1. feb Laugarvatn 18:00-20:30	2. feb Flúðir 18-21	3. feb Borg 18:00-20:30
8. feb	9. feb Brautarholt 18:00-20:30	10. feb Reykholt 18-21
15. feb Laugarvatn 18:00-20:30	16. feb Flúðir 18-21	17. feb Lokað í dag
22. feb	23. feb Vetrarfrí	24. feb Vetrarfrí

Annað verkefni sem hefur verið á borði sveitarstjórnar síðastliðin tvö ár er endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins, sú vinna er langt komin en við höfum fylgst með vinnu um endurskoðun aðalskipulags nágrannasveitarfélaganna en þar virðist Skipulagsstofnun fara ansi langt í að skilgreina vald sitt í skipulagsmálum. Þetta endurspeglar kannski líka þá óvissu sem hefur verið á hinu pólitíska sviði. Það er von okkar að fljótlega á nýju ári verði boðað til fundar um tillöguna eins og hún mun verða auglýst.

1. janúar 2017 voru innleidd ný lög um heimagistingu þar sem heimilt er að leigja út fasteign allt að tvær eignir í 90 daga á ári eða tekjur allt að tvær milljónir. Ég tel að þessi gjörningur sé sá alvitlausasti sem löggjafanum hefur dottið í hug. Gríðarleg vinna hefur farið í að fylgjast með þessum eignum og það er okkar stefna að þessi útleiga skuli greiða skatta til samfélagsins eins og þeir sem eru með rekstur til gistinga og greiða fasteignagjöld í c flokki. Þessari baráttu er ekki enn lokið og stefnir í málaferli vegna þessa máls nú á vordögum. Svo er einnig mikil áhersla á að leyfa lögheimilisráningu í sumarhúsum, en búið er að senda frumvarp til laga þess efnis til sveitarfélaganna. Það er okkar að standa vörð um skipulagsvald sveitarfélaganna og berjast gegn þessum ólögum.

Í upphafi árs 2017 urðum við að taka í notkun nýtt bókhaldskerfi hér á skrifstofunni, sem er kannski ekki í frásögu færandi en ég get ekki látið hjá líða að þakka starfsmönnum skrifstofunnar fyrir óeigingjarnt starf og þolinmæði við innleiðingu á nýja kerfinu. Þetta hefur reynt meira á þolinmæðina en nokkurn gat órað fyrir.

Nú er þetta kjörtímabil senn á enda og kosið verður til nýrra sveitarstjórna á Íslandi þann 26. maí næstkomandi. Ég vil þakka þeim sem kusu okkur á C listanum til að leiða sveitarfélagið síðastliðin fjögur ár, það er von okkar að það hafi verið samfélaginu til heilla.

Ég vil þakka öllum samstarfsmönnum fyrir ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða eins í gegnum þau 24 ár sem ég hef setið í sveitarstjórn.

Megið þið hafa það sem allra best,
Gunnar Þorgeirsson.



FUNDARGERÐ.

422. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 6. desember 2017 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 22. nóvember 2017.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 22. nóvember 2017 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 145. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 23. nóvember 2017.


Mál nr. 10, 11, 12 og 17 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 145. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 23. nóvember 2017. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 10: 1711046 - Klausturhólar lnr. 168258: Klausturhólar Gamli bær: Stofnun lóðar.



**MUNIÐ
BÓNDADAGINN :)**



TÚLÍPANAR í úrvali

Nýr opnunartími
Opið alla virka daga frá 10-16
Sími 669-0108.



Saumaðkompan
Kringlu Grímsnesi

Fataviðgerðir, gardínusaumur

Elsa Jónsdóttir

Sími 486 4515





Tökum að okkur STÓR og smá verk:

- Jarðvinnu
- Tætingu
- Snjómokstur
- Hálkuvörn
- Bílaflutninga
- Jarðheflun
- Fólksflutninga

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422

sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfossi

Fyrir liggur umsókn Þórleifar Hoffmann Gunnarsdóttur og Guðmundar Jóhannessonar, dags. 18. nóvember 2017 um stofnun 2.800 m² lóðar undir gamalt íbúðarhús á jörðinni Klausturhólar lnr. 168258. Er óskað eftir að lóðin fái heitið Goðhóll og liggur rökstuðningur fyrir í meðfylgjandi tölvupósti, dags. 21. nóvember 2017. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar né fyrirhugað heiti hennar. Ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 11: 1501013 - Ásabraut 1-40 og Lokastígur 1-10:
Ásgarður: Deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem nær til lóða nr. 1-40 við Ásabraut og Lokastíg 1-10 úr landi Ásgarðs. Tillaga var grenndarkynnt með bréfi, dags. 4. október og gefinn frestur til 1. nóvember til að koma með athugasemd. Á fundi skipulagsnefndar 14. september var mælt með að tillagan yrði samþykkt með fyrirvara um staðfestingu á samkomulagi við lóðarhafa sem gert höfðu athugasemdir á kynningartíma. Það samkomulag liggur ekki fyrir og nú er liðið meira en ár síðan athugasemdafrestur rann út og þarf því að kynna tillöguna að nýju ef vilji er til að halda áfram með málið. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að grenndarkynna deiliskipulagsbreytinguna að nýju fyrir öllum lóðarhöfum á svæðinu auk jarðarinnar Ásgarðs.

Mál nr. 12: 1709036 - Leyndarholt lnr. 224673: Nýbyggingar:
Deiliskipulag.

Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi fyrir landið Leyndarholt úr landi Brjánsstaða. Lýsing deiliskipulagsins var kynnt skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga og liggja fyrir umsagnir Minjastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Skipulagsstofnunar og Vegagerðarinnar. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir byggingu íbúðarhúss, skemmu og hesthúss. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að tillagan verði kynnt skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 17: 1711003F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 17-67.
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. nóvember 2017.

b) Fundargerð oddvita vegna reksturs Seyrustaða á Flúðum, 23. nóvember 2017.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í verkefninu og er oddvita / sveitarstjóra falið að skrifa undir samstarfssamning sveitarfélaganna.

3. Kauptilboð í Minni-Borg.

Fyrir liggur kauptilboð Grímsnes- og Grafningshrepps í jörðina Minni-Borg, Minni-Borg sláturhús og Móaflöt 2-11 ásamt öllu því sem eignunum fylgir og fylgja ber, að engu undanskyldu. Kauptilboð sveitafélagsins hljóðar upp á 115 millj. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tilboð.

4. Staða fjárhagsáætlunar 2017.

Farið var yfir stöðu bókhalds og borið saman við fjárhagsáætlun ársins 2017 eftir fyrstu 11 mánuði ársins.

5. Viðauki við áætlun 2017.

Fyrir liggur útfærsla á viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2017.

<i>Rekstrarniðurstaða A-hluta tekjur umfram gjöld</i>	<i>73.549</i>
<i>Rekstrarniðurstaða samstæðu A og B-hluta tekjur umfram gjöld</i>	<i>81.736</i>
<i>Handbært fé frá rekstri A-hluti</i>	<i>123.482</i>
<i>Handbært fé frá rekstri samstæðu</i>	<i>142.584</i>

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi viðauka.

6. Fjárhagsáætlun 2018-2021, seinni umræða.

Fyrirliggjandi tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er tekin til lokaafgreiðslu. Niðurstöður áætlunarinnar eru eftirfarandi í þúsundum króna:

<i>Rekstrarniðurstaða A-hluta tekjur umfram gjöld</i>	<i>81.669</i>
<i>Rekstrarniðurstaða samstæðu A og B-hluta tekjur umfram gjöld</i>	<i>68.279</i>
<i>Handbært fé frá rekstri A-hluti</i>	<i>104.248</i>
<i>Handbært fé frá rekstri samstæðu</i>	<i>125.597</i>



Grímsnes-og Grafningshreppur

Kerhólsskóli óskar eftir starfsmanni í frístund

Starfsmaður í 40% starf

Frístund Kerhólsskóla er starfrækt eftir hefðbundinn skóladag og er frístundarstarf fyrir börn í 1.- 4. bekk. Starfsmaður aðstoðar við skipulagningu starfsins, leiðbeinir börnum í leik og starfi og sinnir foreldrasamstarfi undir stjórn tómstunda-fulltrúa.

Um er að ræða 40% starf þar sem unnið er frá kl. 13.30 – 16.30 mánudag til fimmtudag og frá kl. 12.30 – 16.30 á föstudögum.

Menntunar og hæfniskröfur

- Menntun á sviði tómstunda æskileg
- Reynsla af vinnu með börnum æskileg
- Góð færni í samskiptum skilyrði
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta
- Vilji til að gera góðan skóla betri

Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð
Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2018

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólastjóra, jonabjorg@kerholsskoli.is eða aðstoðarskólastjóra iris@kerholsskoli.is

Nánari upplýsingar gefur Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri í síma 480-5520, 863-0463.

Aðalsafnaðarfundur Mosfellssóknar.

Sunnudagskvöldið 7. janúar verður aðalsafnaðarfundur Mosfellssóknar haldinn á Gömlu Borg klukkan 20.00. Venjuleg aðalfundastörf auk þess sem þarf að kjósa kjörmenn vegna vígslubiskups kjörs.

Stjórnin.

Jólabingó til styrktar Sjóðnum Góða

Á dögunum hélt Kvenfélag Grímsneshrepps sitt árlega jólabingó þar sem allur ágóði rann í Sjóðinn Góða. Um 140 manns gerðu sér ferð, spiluðu bingó, gæddu sér á heitu súkkulaði og smákökum í hléi og sumir fóru heim með flotta vinninga. Alls söfnuðust 200.000 kr og hefur Kvenfélagið afhent Sjóðnum Góða þá upphæð.

Kvenfélagskonur vilja þakka þeim sem mættu sem og þeim sem styrktu bingóið með vinningum kærlega fyrir stuðninginn.



Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er áætluð samtals 57,6 millj. kr. Helstu liðir í fjárfestingu eru í eignasjóði, vatnsveitu og fráveitu. Ekki er gert ráð fyrir lántöku vegna fjárfestinga en gert ráð fyrir sölu eigna úr eignasjóði fyrir samtals 60 millj. kr.

Einnig liggur fyrir 3ja ára fjárhagsáætlun og eru helstu lykiltölur samstæðureikningsins í þúsundum króna:

	2019	2020	2021
Tekjur	1.053.204	1.058.458	1.064.238
Gjöld	962.262	959.698	961.883
Fjármagnsgjöld	42.758	36.759	31.020
Rekstrarafgangur	48.184	62.001	71.335
Eignir	1.681.259	1.713.836	1.752.543
Skuldir	921.980	892.557	859.929
Eigið fé	759.279	821.279	892.614
Fjárfestingar (nettó)	73.000	60.000	50.000

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2018 og framlagða 3ja ára áætlun Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir árin 2019-2021.

7. Tómsundastyrkir.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tómsundastyrkur verði hækkaður úr 30.000 kr. á ári í 40.000 kr. á ári og að auki úthlutunarreglur rýmkaðar.

8. Nemendastyrkir.

Ræddar voru reglur um nemendastyrki og er sveitarstjóra falið að leggja fram drög að reglum á næsta fundi.

9. Beiðni um styrk frá foreldrafélagi Kerhólsskóla vegna jólaballs.

Fyrir liggur beiðni frá foreldrafélagi Kerhólsskóla um styrk að fjárhæð kr. 50.000 vegna leikrits og jólaballs dagana 19. og 20. desember n.k. Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðinn styrk.

10. Beiðni um styrk við Snorraverkefnið sumarið 2018.

Fyrir liggur beiðni frá Snorrastjóð um styrk til Snorraverkefnisins sumarið 2018 þar sem markmið verkefnisins er að veita ungu fólki af íslenskum ættum í Norður – Ameríku tækifæri til að kynnst rótum sínum á Íslandi í 6 vikna sumarverkefni. Sveitarstjórn hafnar erindinu

11. Minnisblað frá Lex Lögmannsstofu vegna persónuverndarúttektar fyrir sveitarfélög á Suðurlandi.

Fyrir liggur minnisblað frá Lex Lögmannsstofu vegna persónuverndarúttektar fyrir sveitarfélög á Suðurlandi. Minnisblaðið lagt fram til kynningar.

12. Bréf frá Yfirfasteignamatnefnd þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins vegna kæru til nefndarinnar í máli nr. 11/2017, Illagil 21.

Fyrir liggur bréf frá Yfirfasteignamatnefnd, dagsett 23. nóvember 2017 þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins vegna kæru eigenda Illagils 21 á álagningu fasteignaskatts. Sveitarstjórn felur lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

13. Tölvupóstur frá Sigurði Ó. Jónssyni, skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss vegna breytinga á deiliskipulagi virkjunar á Hellisheiði.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Sigurði Ó. Jónssyni, skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss, dags. 24. nóvember 2017 vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi virkjunar á Hellisheiði. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

ZUMBA party

Nýtt 10 tíma námskeið að hefjast
mánudaginn 8. janúar í
Íþróttamiðstöðinni á Borg í
Grímsnesi.

Partyin eru tvisvar sinnum í viku,
á mánudögum og miðvikudögum
frá 17:30 – 18:30.

**Fyrsti tíminn er mánudaginn 8.
janúar nk. kl: 17:30.**

Zumba er frábær brennsla fyrir
alla! Auðveld dansspor í takt við
skemmtilega tónlist og í
frábærum hóp að auki.



Verðið er **10.000,- kr** fyrir 5 vikna
námskeið (10 skipti) og greiðist í
upphafi námskeiðs.

Skráning er hafin á
isabellaros98@gmail.com

Hlakka til að sjá sem flesta,

**Ísabella Rós
Ingimundardóttir**

Til kynningar

- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands. Fundargerð 183. stjórnarfundar 15.12.2017.
- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð félagafundar 15.12.2017.
- ✓ Tölvupóstur frá Siv Friðleifsdóttur, formanni Velferðarvaktarinnar, dags. 11. desember 2017 um tillögur Velferðarvaktarinnar um aðgerðir til að auka hlutfall nemenda sem ljúka framhaldsskólanámi.

Leikfélagið Borg óskar sveitungum gleðilegs nýs árs, okkur langar að kanna áhuga fyrir starfinu á árinu og bjóða í kaffispjall þriðjudaginn 9. janúar í félagsheimilinu Borg kl. 20:00.

Opið fyrir alla sem hafa áhuga og langar að taka þátt sama hvort það sé á sviði eða allri annarri vinnu og leik sem við kemur.

Starfið er lifandi og skemmtilegt, endilega látið sjá ykkur og kynnið ykkur málið.

Kveðja stjórnin



14. Tölvupóstur frá Hrafnkeli Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins vegna breytingar á svæðisskipulaginu „Höfuðborgarsvæðið 2040“.

Fyrir liggur bréf frá Hrafnkeli Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóra, dagsett 30. nóvember 2017 þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins á svæðisskipulaginu „Höfuðborgarsvæðið 2040“. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

15. Gjaldskrá Félagsheimilisins Borgar.

Lögð fram endurskoðuð gjaldskrá Félagsheimilisins Borgar þar sem einstakir liðir hennar hafa verið leiðréttir.

<i>Fermingar – afmæli, dagveislur</i>	<i>70.000 kr.</i>
<i>Brúðkaup – afmæli, kvöldveislur</i>	<i>90.000 kr.</i>
<i>Ættarmót, öll helgin</i>	<i>145.000 kr.</i>
<i>Ættarmót, sólarhringur</i>	<i>70.000 kr.</i>

Fundir:

<i>Kaffistofa</i>	<i>25.000 kr.</i>
<i>Stóri salur</i>	<i>40.000 kr.</i>
<i>Allt húsið</i>	<i>55.000 kr.</i>
<i>Ráðstefnur, námskeið o.þ.h.</i>	<i>55.000 kr.</i>

Annað:

<i>Leiga fyrir innansveitarfólk</i>	<i>23.000 kr.</i>
-------------------------------------	-------------------

<i>Leiga á húsi pr.klst</i>	<i>5.000 kr. lágmarkstímar eru 5 klst.</i>
<i>Dansleikir</i>	<i>sammingsatriði</i>
<i>Dúkaleiga, pr. dúk</i>	<i>1.240 kr.</i>

Staðfestingargjald, óafturkræft er 30% af gjaldskrá.

Allar fjárhæðir eru með virðisaukaskatti.

Til kynningar

- ✓ Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Fundargerð aðalfundar 19.10.2017.
- ✓ SASS. Fundargerð 526. stjórnarfundar 10.11.2017.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 854. stjórnarfundar, 24.11.2017.
- ✓ Tölvupóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 04.12.2017 vegna bókunar stjórnar sambandsins til Umhverfis- og auðlindaráðherra um vernd og endurheimt votlendis.
- ✓ Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 30.11.2017 vegna bókunar stjórnar sambandsins um þá umræðu sem hefur verið í samfélaginu í kjölfar átaksins „Í skugga valdsins“. Stefna sambandsins fylgir bréfinu.
- ✓ Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 30.11.2017 vegna bókunar stjórnar sambandsins um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands ásamt skýrslu nefndarinnar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:15

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

9. Bréf frá Yfirfasteignamatnefnd þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins vegna kæru til nefndarinnar í máli nr. 13/2017, Ásabraut 2-4.

Fyrir liggur bréf frá Yfirfasteignamatnefnd, dagsett 5. desember 2017 þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins vegna kæru eigenda Ásabrautar 2-4 á álagningu fasteignaskatts. Sveitarstjórn felur lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

10. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Borgarleyni 13, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 5. september 2016 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Borgarleyni 13, Grímsnes- og Grafningshreppi. Þar sem umsagnarfrestur sveitarfélagsins er liðinn er ekki tekin afstaða til erindisins.

11. Skýrsla Rannsóknarseturs Háskóla Íslands „Kortlagning víðerna á miðhálandi Íslands“.

Fyrir liggur skýrsla Rannsóknarseturs Háskóla Íslands um kortlagningu víðerna á miðhálandi Íslands. Skýrslan lögð fram til kynningar.

12. Skýrsla RR Ráðgjafar um úttekt á rekstri og skipulagi Bergrisans bs.

Fyrir liggur skýrsla RR Ráðgjafar um úttekt á rekstri og skipulagi Bergrisans bs. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að beina því til stjórnar Bergrisans bs að samningar við sjálfstæða þjónustuaðila verði betur skilgreindir um hvaða þjónustu er verið að greiða fyrir og hvaða þjónustu er verið að veita þjónustuþegum. Sveitarstjórn gerir þá kröfu að þessi mál verði skýrð sem fyrst.

13. Önnur mál.

a) Viðbragðsáætlun Almannavarna.

Fyrir liggur viðbragðsáætlun Almannavarna vegna samfélagslegra áfalla, langtíma viðbrögð Grímsnes- og Grafningshrepps. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar.

4. Nemendastyrkir.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi reglur um nemendastyrki og jafnframt að styrkurinn verði 40.000 kr. á önn.

5. Ljósleiðari.

Fyrir liggur að Fjarskiptasjóður hefur staðfest framlag til lagningar ljósleiðara í sveitarfélaginu að fjárhæð 39,9 millj. Fyrirhugaðar framkvæmdir verða á árinu 2018 og þá gert ráð fyrir að tengja öll lögheimili í sveitarfélaginu í einum áfanga. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka við styrk Fjarskiptasjóðs og felur oddvita / sveitarstjóra að undirrita samninginn.

6. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fella niður næsta reglulega fund sveitarstjórnar þann 3. janúar n.k. Næsti fundur sveitarstjórnar verður þann 24. janúar 2018, kl. 9:00.

7. Bréf frá Hestamannafélaginu Trausta þar sem óskað er eftir styrk til reiðvegagerðar.

Fyrir liggur bréf frá Reiðveganefnd Hestamannafélagsins Trausta, dagsett í desember 2017 þar sem óskað er eftir styrk til uppbyggingar og endurbóta á reiðvegi frá Sólheimavegi í vestri að Reykjanesvegi í austri. Óskað er eftir styrk að fjárhæð kr. 2,7 millj. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita styrk að fjárhæð kr. 1.200.000.

8. Úrskurður Yfirfasteignamatnefndar í máli nr. 9/2017, Undirhlið 36, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur úrskurður Yfirfasteignamatnefndar frá 11. desember s.l. í máli nr. 9/2017 vegna kæru eigenda Undirhliðar 36, Grímsnes- og Grafningshreppi um álagningu fasteignaskatta. Jafnframt liggur fyrir minnisblað lögmanns sveitarfélagsins, Óskars Sigurðssonar hrl. um heimagistingu og fasteignaskatt. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að höfða viðurkenningarmál á álagningu fasteignagjalda og felur lögmanni sveitarfélagsins að gæta hagsmuna þess.



423. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 20. desember 2017 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða

Viðbragðsáætlun Almannaavarna.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 6. desember 2017.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 6. desember 2017 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 42. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 7. nóvember 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn beinir því til nefndarinnar að skila fundargerðum jafnóðum.

b) Fundargerð 66. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 11. desember 2017.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 66. fundargerð fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 11. desember 2017. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Kynning á frístund.

Tómstunda- og æskulýðsfulltrúi sveitarfélagsins kom á fund fræðslunefndar og kynnti starfsemi frístundarheimilisins. Fjöldi barna á frístundarheimilinu er misjafn milli daga en börnin eru fæst 7 og flest 12. Þar eru starfandi tveir starfsmenn sem sinna 35% starfi hvor. Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi hefur verið í 25% starfi til aðstoðar frá miðjum október og verður fram að jólum. Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi lagði fram hugmynd um að bjóða upp á íþróttastarf í samstarfi við U.m.f. Hvöt og taldi að með því væri hægt að bjóða líka eldri nemendum. Telur fræðslunefnd að auka þurfi stöðugildi frístundar um 40% miðað við þann barnafjölda sem er í dag og óskar eftir að sveitarstjórn taki jákvætt í það. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að bæta við 40% stöðuhlutfalli í frístund og felur fræðslunefnd nánari útfærslu.

c) Fundargerð 19. fundar fjallskilaneftndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 11. desember 2017.

Mál nr. 4 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 19. fundargerð fjallskilaneftndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 11. desember 2017. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 4: Stækkun á leitarsvæði.

Fjallskilaneftnd óskar eftir að sveitarstjórn ræði við Bláskógabyggð um smölun og kostnað við smölun í Töglum og suður Miðfellshraun. Sveitarstjóra falið að ræða við oddvita Bláskógabyggðar

d) Fundargerð 11. fundar umhverfisneftndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 27. júní 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Mál nr. 17: 1711006F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 17- 68.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 29. nóvember 2017.

p) Fundargerð 25. fundar Skólaþjónustu- og velferðarneftndar Árnesþings, 5. desember 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

q) Fundargerð 28. fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergisans bs., 19. september 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

r) Fundargerð 29. fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergisans bs., 19. október 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

s) Fundargerð 30. fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergisans bs., 20. nóvember 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

t) Fundargerð 186. fundar fagraðs Tónlistarskóla Árnesinga, 4. desember 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Kauptilboð í Borgarbraut 8.

Fyrir liggur kauptilboð og gagntilboð, dagsett 12. desember 2017 í Borgarbraut 8 að fjárhæð kr. 30 milljónir. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi tilboð og felur oddvita / sveitarstjóra að undirrita kaupsamninginn.

Mál nr. 6: 1712002 - Stangarlækur 1 lnr 206256: Aukin sandtaka í landi Stangarlækjar: Aðalskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Stangarlækjar 1 ehf. dags., 30. nóvember 2017 um breytingu á aðalskipulagi þannig að heimilt verði að taka allt að 20.000 m³ af fyllingarefni úr ás í landi Stangarlækjar 1. Náman hefur til þessa verið nýtt til einkanota en nú er fyrirhuguð nýting umfram það. Meðfylgjandi er uppdráttur sem sýnir afmörkun námunnar auk bréfs móttekið 30. nóvember 2017 með nánari lýsingu á framkvæmdinni. Einnig liggur fyrir að skipulagsfulltrúi óskaði eftir stöðvun framkvæmda vegna efnistöku úr námunni þann 1. desember s.l. sbr. meðfylgjandi tölvupósta. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við ákvörðun skipulagsfulltrúa um stöðvun framkvæmda. Sveitarstjórn vísar breytingu á aðalskipulagi til endurskoðunar aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 7: 1712003 - Nesjar lnr 170910: Réttarháls 14: Breytt afmörkun, stærð og heiti lóðar.

Fyrir liggur umsókn Einars S. Ingólfssonar, dags. 19. nóvember 2017 um breytingu á afmörkun, stærð og heiti lóðar úr landi Nesja, lnr. 170910. Heiti lóðarinnar verður Réttarháls 12 og verður 3.580 m² skv. hnitsettri afmörkun. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afmörkun lóðarinnar, með fyrirvara um að fyrir liggi samþykki eigenda og lóðarhafa aðliggjandi lóða á hnitsetningu lóðarmarka. Ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. jarðalaga.

Mál nr. 8: 1712006 - Farbraut 16 lnr 169479 og Farbraut 16A lnr. 172955: Farbraut 16: Sameining lóða.

Fyrir liggur erindi Maríu Hauksdóttur, dags. 15. nóvember 2017 þar sem óskað er eftir að lóðirnar Farbraut 16 (2.500 m²) og 16A (2.540 m²) verði sameinaðar. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar sem ekki kemur nákvæmlega fram hvar lóð nr. 16A er staðsett.

Mál nr. 16: 1712010 - Skýrsla nefndar um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands: Til kynningar.

Fyrir liggur skýrsla nefndar um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Lagt fram til kynningar.

e) Fundargerð 12. fundar umhverfisnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 10. ágúst 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn beinir því til nefndarinnar að skila fundargerðum jafnóðum.

f) Fundargerð 6. fundar mótuneytisnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 31. október 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn beinir því til nefndarinnar að skila fundargerðum jafnóðum.

g) Fundargerð 1. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 22. september 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 2. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 15. nóvember 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 3. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 29. nóvember 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

j) Fundargerð 4. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 19. janúar 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k) Fundargerð 5. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 4. apríl 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

l) Fundargerð 6. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 2. maí 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

m) Fundargerð 7. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 19. september 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

n) Fundargerð 8. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 24. október 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn beinir því til nefndarinnar að skila fundargerðum jafnóðum.

o) Fundargerð 146. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 7. desember 2017.

Mál nr. 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 16 og 17 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 146. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 23. nóvember 2017. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: 1611010 - Nesjavellir lóðir 3 - 11: Frístundalóðir: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur að lokinni grenndarkynningu tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundahúsalóða í landi Nesjavalla við Þingvallavatn. Í breytingunni er verið að breyta afmörkun nokkurra lóða innan skipulagssvæðis auk þess sem í skilmálum er gert ráð fyrir að ekki verði heimilaðar neinar framkvæmdir nema hefðbundið viðhald á núverandi húsum. Tillagan var grenndarkynnt fyrir öllum lóðarhöfum á svæðinu með bréfi dags. 26. október 2017 með athugasemdafresti til 21. nóvember. Tvær athugasemdir bárust. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til fyrir liggja viðbrögð frá landeiganda, Orkuveitu Reykjavíkur.

Mál nr. 2: 1711069 - Virkjun á Hellisheiði: 10. breyting á deiliskipulagi: Umsagnarbeiðni.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Sigurði Jónssyni, skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss, dags. 24. nóvember 2017 þar sem óskað er eftir umsögn um matslýsingu vegna

breytingar á deiliskipulagi virkjunar á Hellisheiði. Lagt fram til kynningar.

Mál nr. 3: 1711071 - Nesjar lnr 170915: Réttarháls 11: Breytt afmörkun, stærð og heiti lóðar.

Fyrir liggur umsókn Auðar Gunnarsdóttur, dags. 22. nóvember 2017 þar sem óskað er eftir samþykkt á breytingu á afmörkun lóðar úr landi Nesja (lnr. 170915) auk þess sem heiti hennar breytist í Réttarháls 11. Meðfylgjandi er lóðablað sem sýnir afmörkun lóðarinnar og er hún 1.926 m². Að auki er bréf Jörgens Mås Ágústssonar, dags. 27. nóvember 2017, f.h. lóðarhafa.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afmörkun lóðarinnar, með fyrirvara um að fyrir liggi samþykki eigenda og lóðarhafa aðliggjandi lóða á hnitsetningu lóðarmarka. Ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. jarðalaga.

Mál nr. 4: 1711070 - Snæfoksstaðir lóð lnr 169649: Nýr bústaður og gestahús í stað eldri bústaðar: Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn Berglindar Skúladóttur Sigurz, dags. 30. nóvember 2017 um viðbrögð við áformum um byggingu 195 m² frístundahúss og 40 m² gestahúss á lóðinni Snæfoksstaðir 1 lnr. 169649 sem er 12.200 m² skv. skráningu í Þjóðskrá. Jafnframt liggja fyrir drög að útliti fyrirhugaðs húss. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við byggingaráform með fyrirvara um að húsið verði a.m.k. 50 m frá ánni og 10 m frá lóðarmörkum.

Mál nr. 5: 1711068 - Krókur lnr 170822: Borun rannsóknarholu: Framkvæmdaleyfi.

Fyrir liggur umsókn Suðurdals ehf., dags. 21. nóvember 2017 um framkvæmdaleyfi fyrir borun rannsóknarholu í landi Króks. Einnig liggur fyrir bréf umsækjenda, dags. 16. nóvember með nánari lýsingu auk greinargerðar frá ÍSOR með sömu dagsetningu. Fram kemur að staðurinn sé í 390 m hæð y.s. á lágum hálsi (Folaldahálsi) sem gengur suður úr Kyllisfelli. Aðkoma er eftir ofanibornum línuvegi frá Hellisheiði á enda hans við mastur á háhálsinum.

Að mati sveitarstjórnar er líklegt að framkvæmdin sé tilkynningarskyld skv. tölulið 2.06 í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Er afgreiðslu málsins frestað þar til niðurstaða úr því ferli liggur fyrir.